

Nd.

173. Frumvarp

til laga um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

Flutningsmeun: Þórarinn Jónsson og Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir, fyrir stærri eða minni svæði innan sýslunnar, um akfæra sýslu- og hreppavegi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, eftir álit og tillögum vegamálastjóra, að gera samþyktir fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún, með nægum fyrirvara, kveðja til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til Alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnarfundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið og má eigi koma fram að nýju í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykkt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykkt skulu ávalt vera ákvæði um stjórn vegamála á samþykktarsvæðinu, vegagjöld, og eru þau ekki bundin við hámark vegalaganna, og framlög frá einstökum mönnum, sem heimilt er að áskilja eftir jarðardýrleika á samþykktarsvæðinu eða lausafjäreign hvorutveggja, eftir því sem hentast þykir.

6. gr.

Gjöldum til vega samkv. samþykktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir, alt að 200 kr., er renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið, og fer um slik brot sem um almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Þar sem mikill áhugi er víða að vakna fyrir því að bæta samgöngur í stórum stíl innan sveita víðs vegar um land, og á hina hliðina svo brýn þörf á því, að enga bið þolir, enda ekki fyrirsjáanlegt, að í náinni framtíð geti rikissjóður, nema þá mjög takmarkað, lagt fje fram til þeirra verka, þá er í ýmsum sveitum, af frjálsum framlögum einstaklinga, byrjað á dýrum vegagerðum. En þar sem í þessum framkvæmdum, eins og öðrum, geta altaf verið menn, sem vilja hliðra sjer hjá að bera sina skyldubyrði í þessu efni, þá virðist vera rjettmætt að setja heimildarlög, sem tryggi það, að slik nauðsynjaverk verði ekki óunnin.

Frumvarpið er því fram komið af þessari þörf, sem á ýmsum þingmálafundum úti um land hefir látið til sin heyra. Og krafa þessi sýnist öldungis rjettmæt, þar sem samskonar heimildarlög hafa áður verið sett, t. d. í lögum um vatnsveitingar, lögum um girðingar og lögum um kornforðabúr o. s. frv.